

Ár 2011, miðvikudaginn 1. júní kl. 17:00 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarins. Mættir voru: Guðmundur Þór Guðjónsson, Eyþór H. Ólafsson og Róbert Hlökkversson.

Ennfremur sátu fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri og Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

Guðmundur Þór Guðjónsson, formaður, setti fund og stjórnaði.

Leitaði hann eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Eftirfarandi fært til bókar:

1. **Bréf sem borist hafa frá:**

1.1. **Varasjóði húsnæðismála ódagsett.**

Í bréfinu eru kynntúthlutun framlaga vegna sölu félagslegs húsnæðis.

Lagt fram til kynningar.

1.2. **Skólahreysti frá maí 2011.**

Í bréfinu er óskað eftir 50.000.- kr fjárstuðningi til stuðnings Skólahreysti.

Bæjarráð samþykkir að styrkja Skólahreysti um umbeðna fjárhæð enda hefur keppnin aukið mjög áhuga unglinga á heilbrigðum lífsstíl og líkamsrækt. Hér í Hveragerði hefur Skólahreysti undanfarið ár verið valfag á elsta stigi og færri komist að en vilja. Umgjörð og fyrirkomulag Skólahreysti er forsvarsmönnum keppinnar til mikils sóma og það er bæjarráði ánægjuefni að geta stutt við þetta skemmtilega og góða verkefni.

1.3. **Sorpstöð Suðurlands frá 18. maí 2011.**

Í bréfinu er tilkynnt hækkun á gjaldskrá sorpstöðvarinnar og lokun umhleðslustöðvar.

Lagt fram til kynningar.

1.4. **Fjölbrautaskóla Suðurlands frá 18. maí 2011.**

Í bréfinu er kynnt fyrirkomulag fyrir nemendur sem eru í 10. bekk grunnskóla en eiga möguleika á að taka próf í einstökum áföngum í FSu.

Lagt fram til kynningar.

2. **Fjárhagsleg málefni:**

2.1. **Umsókn um námsvist utan lögheimilissveitarfélags.**

Lögð fram umsókn um skólavist utan lögheimilissveitarfélags fyrir nemenda með lögheimili í Hveragerði.

Bæjarráð samþykkir umsóknina enda liggur álit sérfræðings fyrir.

2.2. **Minnisblað frá bæjarstjóra dags. 30. maí 2011 vegna samkomulags um leiguhúsnæði í Sunnumörk.**

Lagt fram minnisblað frá bæjarstjóra um breytingar á leiguhúsnæði Hveragerðisbæjar í Verslunarmiðstöðinni Sunnumörk. Einnig fylgdi með

samkomulag við Reitir ehf um uppsetningu á sýningu um jarðskjálftann í maí 2008 í Verslunarmiðstöðinni.

Bæjarráð samþykkir samkomulagið en í því er gert ráð fyrir að Upplýsingamiðstöðin færist um set og að inngangur og húsnæði Bókasafns Hveragerðisbæjar taki breytingum. Bæjarráð fagnar áhuga Fasteignafélagsins Reita á uppbyggingu Verslunarmiðstöðvarinnar og mun rausnarlegt framlag félagsins til uppbyggingar sýningar um jarðskjálftann væntanlega enn efla aðsókn í verslunarmiðstöðina og efla ferðamennsku almennt í Hveragerði. Bæjarráð samþykkir það fyrirkomulag sem bæjarstjóri gerir ráð fyrir vegna framkvæmda og uppsetningar sýningarinnar. Rétt er að gera ráð fyrir að um einhverja lokun verði að ræða í bókasafni en Upplýsingamiðstöðin mun væntanlega geta haft opið. Bæjarráð gerir ráð fyrir að kostnaður hvorrar stofnunar geti numið um 500 þúsund á hvorn stað vegna ófyrirséðra útgjalda við flutninginn og vísar fjármögnun þessa til endurskoðunar fjárhagsáætlunar.

2.3. Rekstraryfirlit Hveragerðisbæjar jan-apríl 2011.

Lagt fram til kynningar rekstraryfirlit fyrir stofnanir bæjarins fyrstu fjóra mánuði ársins.

3. Tæknileg málefni:

3.1. Minnisblað frá bæjarstjóra dags. 25. maí 2011 vegna samkeppni um garð að Reykjamörk 11.

Lagt fram minnisblað frá bæjarstjóra dags. 25. maí 2011 varðandi samkeppni um garð að Reykjamörk 11.

Félag íslenskra landslagsarkitekta og Hveragerðisbær efndu til samkeppni um gerð garðs er henta myndi vel til útivistar fyrir eldra fólk. Lóðin sem varð fyrir valinu er Reykjamörk 11 en þar hefur íbúðarhús verið rífið í kjölfar skjálftans 2008. Garðurinn er gróinn en í nokkurri órækt og því þótti tilvalið að efna til samkeppni um úrbætur á honum er nýttast myndu gangandi vegfarendum. Athugasemd hefur borist vegna þessara fyrirætlana frá íbúum að Reykjamörk 14 sem telja að framkvæmdir við garðinn geti haft í för með sér mikil óþægindi fyrir þau.

Bæjarráð samþykkir að haldið verði áfram með verkefnið „Samkeppni um Reykjamörk 11“ eins og ráð var fyrir gert. Í vinningstillögunni er gert ráð fyrir falletum frágangi á svæðinu og stígum sem leiða vegfarendur um lóðina. Núverandi tré munu mynda umgjörð um svæðið og fá þau þá notið sín með allt öðrum hætti en er í dag. Fallið hefur verið frá afþreyingarsvæði fyrir aldraða og þannig hefur að mati bæjarráðs verið tekið tillit til athugasemda íbúa að Reykjamörk 14 sem ekki eiga að verða fyrir ónæði vegna úrbóta á umræddum garði umfram það sem er í dag.

4. Verkfundagerðir:

4.1. Gatnagerð í Hveragerði 2010 frá 25. maí 2011.

Fundagerðin samþykkt.

5. Fundargerðir til kynningar:

- 5.1. **Stjórnar SASS frá 20. maí 2011.**
- 5.2. **Upplýsinga- og samráðsfundur Sorpstöðvar Suðurlands bs frá 10. maí 2011.**
- 5.3. **Verkstjórnar um eflingu sveitarfélaga á Suðurlandi frá 8. og 18. apríl og 5. maí 2011.**
- 5.4. **Héraðsnefndar Árnesinga frá 6. maí 2011.**
- 5.5. **Heilbrigðisnefndar Suðurlands frá 29. apríl 2011.**

Fundargerð upp lesin og samþykkt.
Fleira ekki gert og fundi slitið kl 18:05

Guðmundur Þór Guðjónsson, (sign)

Róbert Hlöðversson, (sign.)

Eyþór H. Ólafsson, (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign)